

Ed.

129. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til að fleyta vikri niður Jökulsá á Fjöllum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Sveinbirni Jónssyni, byggingarmeistara á Knararbergi við Akureyri, sjerleyfi til:

1. Að fleyta vikri ofan af öræfum niður Jökulsá á Fjöllum og niður að Axarfirði, og taka hann þar í land eða báta og flytja að Kópaskeri til útskipunar og frekari flutnings.
2. Að setja fljótandi stíflur í þær kvislar árinna, sem ekki vita að lendingarstað vikursins, enda komi þær stíflur ekki á bága við umferð um ána eða aðra notkun hennar.
3. Að gera vegi og annan flutningsútbúnað milli vikurlaganna og árinna og lendingarstaðs vikursins og hafnar, svo og bryggju eða annan útskipunarútbúnað í höfn, ef með þarf.
4. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi eða netlögnum, svo og að leggja kvaðir á netlögn eða land, ef með þarf og að því leyti, sem nauðsynlegt er til að koma fyrirtæki þessu í framkvæmd, sem í 1.—3. tölul. segir, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sjerleyfistíminn má vera alt að 10 árum.

3. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á framkvæmd fyrirtækisins innan eins árs frá dagsetningu sjerleyfisins og komið rekstri á það innan tveggja ára frá sama tíma. Ráðherra getur framlengt fresti þessa um alt að einu ári hvorn.

4. gr.

Nú er heimild þessi ekki notuð innan ársloka 1931, og falla þá lögin úr gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur umsækjanda um sjerleyfi þetta að reyna að ná vikri uppi á Öræfum (Ódádahrauni, Hólsfjallaöræfum og víðar meðfram Jökulsá), fleyta honum niður eftir ánni, taka hann þar í land eða upp í bát, flytja hann út að Kópaskeri, taka hann þar í skip og flytja út um land og nota í steinsteypuhús, annaðhvort beinlínis í staðinn fyrir mól, eða þá að steypa úr honum þunnar plötur, er síðan sju festar innan á húsveggi til hitavarnar. Hefir hitavarnarhæfileiki slíkra vikursteina verið rannsakaður bæði hjer og í

Noregi og reynst til hálfis á við kork, svo að vikurplöturnar þyrftu að vera helmingi þykkri en korkur til jafngóðrar einangrunar, en gætu þó verið heldur ódýrari.

Umsækjandi, sem er fátækur maður, hefir þegar gert nokkrar tilraunir með þetta og lagt talsvert í kostnað. Einnig er óhjákvæmilegt, að talsverður kostnaður og fyrirhöfn verði við að útbúa stíflur í árkvíslarnar, flutningatæki á fjöllum og niður við sjóinn o. fl., og þar sem markaður er ennþá óunninn fyrir efni þetta, og þess vegna óvíst um söluna, mundi það varla verða mögulegt fyrir umsækjanda að fá lán til framkvæmda verksins eða standa straum af því, ef hann ætti að mæta samkefni í stórum stíl meðan fyrirtækið er að komast á fót. Virðist því sanngjarnt, að hann fái sjerleyfi til þess að nota ána í þessum tilgangi um nokkurra ára skeið, einkum þar sem þessi notkun hennar virðist ekki þurfa að koma í bága við neina aðra notkun árinna, nema ef vera kynni netalagnir nálægt landtökustað vikursins þann tíma, sem að því er unnið að ná honum upp.

Hjer er um að ræða það lofsverða tilraun til að nota innlent efni til bygginga, að rjett virðist að reyna að greiða götu hennar, eftir því sem með þarf, og gæti jafnvel komið til mála að styrkja fyrirtækið eða tilraunina í byrjun af opinberu fje. Fáist ekki nægur markaður fyrir efnið innanlands, mætti reyna að flytja það út.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringar við. Þó skal þess getið um 4. lið fyrstu greinar, að umsækjandi hefir þegar fengið leyfi landeigenda, sem til greina koma, og það er ekki vitanlegt, að neinar netalagnir verði á þeirri leið, er vikurinn fer um. Þó þykir ekki rjett að eiga það á hættu, að fyrirtækið verði stöðvað vegna ósamkomulags um netstað nálægt vikurleiðinni, land undir veg eða annað í óbygðum eða annarsstaðar í óræktuðu landi.